

Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs
20. fundur
haldinn í fundarsal Fljótsdalshéraðs, 28. ágúst 2008

Mættir: Eiríkur Björn Björgvinsson, Björn Ármann Ólafsson, Skarphéðinn G. Þórisson, Magnhildur Björnsdóttir og Þórhallur Þorsteinsson. Skúli Björn Gunnarsson boðaði forföll. Agnes Brá Birgisdóttir ný ráðinn þjóðgarðsvörður sat fundinn.

Dagskrá:

1. **Kynning á nýjum þjóðgarðsverði**
2. **Verkefni sumarsins 2008**
3. **Verndaráætlun, staða mála**
4. **Mannaráðningar í störf sem tengjast Vatnajökulsþjóðgarði og aðsetur þeirra, bréf dagsett 11. júlí 2008 frá Fljótsdalshreppi.**
5. **Þjónustumiðstöðvar í Möðrudal og á Aðalbóli.**
6. **Önnur mál**

Eiríkur Björn stýrði fundi og setti hann kl. 20.00.

1. Kynning á nýjum þjóðgarðsverði

Agnes Brá Birgisdóttir nýr þjóðgarðsvörður á austursvæði kynnti sig fyrir svæðisráði.

2. Verkefni sumarsins 2008

Agnes Brá og Þórhallur Þorsteinsson fóru yfir helstu verkefni sumarsins og sögðu frá ferð sem þau fóru um austursvæði þjóðgarðsins.

Agnes hóf formlega störf 1. ágúst sl. en hafði komið óformlega til starfa í júlímánuði. Þórhallur Þorsteinsson var tengiliður við starfsfólk þjóðgarðsins í sumar þar sem þjóðgarðsvörður var ekki kominn formlega til starfa fyrr en 1. ágúst. Heilt yfir gekk starfið mjög vel en upp komu nokkur mál sem leyst var úr m.a. eitt starfsmannamál. Aðal vandamálin sem upp komu í sumar eru tengd utan vega akstri. Slóðar eru of margir og illa merktir. Fram kom að brotið hafið verið undanþáguákvæði um akstur sexhjóla sem tilkynnt hafi verið til lögreglu en viðbrögð hennar hafi ekki verið jákvæð. Mikilvægt að tryggja skilgreiningu á akstri innan þjóðgarðsins fyrir næsta veiðitímabil svo hægt verði að komast hjá árekstrum við veiðimenn og til að auðvelda starfsmönnum að framfylgja reglum. Rætt um að fá fulltrúa hreindýraveiðimanna á fund svæðisráðsins til að fara yfir samskipti milli þjóðgarðsins og veiðimanna. Vantar gott kynningarefni fyrir veiðimenn og aðra gesti.

Rætt um stefnu þjóðgarðsins varðandi þau hús/mannvirki sem eru í dag innan þjóðgarðsins. Eignahald á þeim og hvernig ber að fara með það í framtíðinni. Geta einkaaðilar eignast hús/mannvirki innan þjóðgarðsins?

Fram kom að mikilvægt sé að fjölga starfsfólki við landvörslu til að tryggja betri þjónustu við gesti og til að tryggja eftirfylgd reglugerðar um þjóðgarðinn.

Fram kom að kort sem hefur verið gefið út er ekki alveg rétt og texti rangur og ónákvæmur. Þjóðgarðsverði falið að fylgja málinu eftir við framkvæmdastjóra.

Rætt um merkingar í Þjóðgarðinum og heimasíðu. Hvoru tveggja vantar til að auðvelda gestum aðgengi að garðinum og til að kynna hann betur. Svæðisráð kallar eftir úrbótum á þessu strax.

Heimsóknir inn á svæðið virðast vera svipaðar og árið 2007 og viðbrögð frá fólki verið jákvæð. Mikilvægt að koma upp formlegri talningu inn í Þjóðgarðinn og rætt um að gera slíkt í samráði við Vegagerð ríkisins.

3. Verndaráætlun, staða mála

Formaður fór yfir stöðu mála.

Samkomulag hefur náðst við Náttúrustofu Austurlands, Náttúrustofu Norðausturlands og Háskólasetrið á Höfn um að taka að sér vinnu við verndaráætlunina. Ritstjóri verkefnisins verður Sigþrúður Stella Jóhannsdóttir fv. Þjóðgarðsvörður í Jökulsárgljúfrum og núverandi starfsmaður Náttúrustofu Norðausturlands.

Þjóðgarðsverðir Vatnajökulþjóðgarðs munu einnig koma að verkefninu ásamt svæðisráðum.

Mikil og vandasöm vinna er framundan. Mikilvægt að nýta tímann vel því áætlunin á að vera tilbúin 18 mánuðum eftir stofnun þjóðgarðsins og klukkan er farin að tifa.

4. Mannaráðningar í störf sem tengjast Vatnajökulþjóðgarði og aðsetur þeirra, bréf dagsett 11. júlí 2008 frá Fljótsdalshreppi.

Erindið kynnt.

5. Þjónustumiðstöðvar í Möðrudal og á Aðalbóli

Formaður sagði frá því að framkvæmdastjóri þjóðgarðsins hafi verið í sambandi við hagsmunaaðila í Möðrudal og á Aðalbóli. Stefnt er að því að koma á verktakasamningi milli þjóðgarðsins og Möðrudals á næsta ári og að slíkur samningur verði kominn á við Aðalból á árinu 2010.

6. Önnur mál

A) Þjóðgarðsvörður sagði frá því að framkvæmastjóri hefði kallað eftir upplýsingum um stærri verkefni á austursvæðinu sem ástæða væri til að koma inn í fjárhagsáætlun ársins 2009. Rætt um nokkur verkefni sem þjóðgarðsvörður mun koma til framkvæmdastjóra.

B) Þjóðgarðsvörður sagði frá sameiginlegu áliti þjóðgarðsvarða Vatnajökulþjóðgarðs um að ráðningasamningur þeirra hvað varðar starfsskyldur og ábyrgð stangaðist á við lög um þjóðgarðinn og auglýsingu um starfið. Þjóðgarðsverðir munu senda stjórn erindi um málið.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 22.05.

Eiríkur Björn Björgvinsson
ritaði fundargerð

Björn Ármann Ólafsson

Skarphéðinn G. Þórisson

Magnhildur Björnsdóttir

Þórhallur Þorsteinsson